

Fundur Oddvitanefndar UTU haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum miðvikudaginn 26. ágúst 2020, kl. 08:00.

Mætt voru, Björgvin Skafti Bjarnason Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson og Guðmundur Gíslason.

Fundinn sátu einnig Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Bjarni Ásbjörnsson, Valtýr Valtýsson og Hannibal Kjartansson

Jón stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá

**1. Sumarið og staðan nú.**

Jón og Hannibal fóru yfir stöðuna og hvernig verkið hefur gengið. Almennt hefur verkið gengið ágætlega og hreinsunferlið að mestu á áætlun. Mikill munur er að fá Áslaugu þjónustufulltrúa seyruverkefnisins inn í teymið þar sem að mörgu er að hyggja vegna skipulagningar og upplýsingar vegna hreinsunar og vandamála varðandi aðgengi og ástand rotþróa. Fundarmenn voru sammála um að álagið á skrifstofur sveitarfélaganna hafi minnkað mjög mikið eftir að Áslaug hóf störf. Rætt var um skráningu og hitsetningu rotþróa en Áslaug hefur verið að vinna í því með öðru og fundarmenn sammála um að ræða þurfi við UTU um hvernig upplýsingarmálum og samtengingum á milli aðila sé best háttað.

Fram kom að húsnæðið að Flatholti 2 sé bylting vegna verkunar á seyrinni en lokaúttekt á húsinu hefur farið fram en það ekki enn komið inn í fasteignamat hjá Þjóðskrá.

**2. Drög að endurnýjun á samstarfssamningi.**

Jón fór yfir drög að endurnýjun á samstarfssamningi sveitarfélaganna og helstu breytingar sem þurfi að gera. Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að spá í útfærslu nokkurra atriða, svo sem hlutverki stjórnar, hlutfall fasts rekstarkostnaðar o.fl sem snertir útfærslu á samningum. Samþykkt var að sveitarfélögin ræddu þessi mál og síðan yrði boðað til samráðsfundar í september.

Fundi slitið kl. 09:00.